

|                     |                                       |                         |                     |
|---------------------|---------------------------------------|-------------------------|---------------------|
| Dags eftirlits      | 28.11.2025                            | Ábyrgðarmaður eftirlits | Kjartan Guðmundsson |
| Fyrirtæki           | Höfði malbikunarstöð við Kapelluhraun | Eftirlitsmaður          | Kjartan Guðmundsson |
| Heimili             | Sævarhöfða 6 -10                      | Tegund eftirlits        | Reglubundið         |
| Kennitala           | 581096 2919                           | Flokkur                 | Malbik              |
| Fulltrúi fyrirtækis | Elín Ásgeirsdóttir                    | ÍSAT nr.                | 23.99.0             |
| Fulltrúi fyrirtækis |                                       | Staðsetning             |                     |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við reglubundið eftirlit með starfsemi Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf. við framleiðslu á malbiki komu fram þrjú frávík; vegna PAH-gilda í útblæstri sem voru yfir starfsleyfismörkum á rekstrarárunum 2024 og 2025 og vegna ryklosunar árið 2024. Engar ábendingar voru settar fram.

## UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með Malbikunarstöðinni Höfða, Álhelli 34. Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Staða frá síðasta eftirliti
- Varnir gegn mengun og meðhöndlun fráveituvatns
- Innra eftirlit og umgengni
- Viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Skoðunarferð

- Staða frá síðasta eftirliti

Við síðasta eftirlit árið 2023 kom fram eitt frávík sem snéri að því að PAH mælingar vantaði. Rekstraraðili hefur brugðist við og framkvæmt PAH mælingar árin 2024 og 2025.

Rekstraraðila er heimilt að framleiða allt að 160 t/klst. af malbiki. Þá er heimilt að reka tengda starfsemi og þjónustu. Heimilt er að vera með allt að 200 m<sup>3</sup> birgðir af biki og olíu á starfssvæðinu í litlum geymum, þar af 75 m<sup>3</sup> í stærsta geymi og gert er ráð fyrir ílátum fyrir íblöndunarefni, sleipiefni og hreinsiefni. Rekstraraðila er heimilt að endurvinnna malbik. Samkvæmt grænu bókhaldi 2024 er umfang starfsemi í samræmi við starfsleyfi.

- Varnir gegn mengun og meðhöndlun fráveituvatns

Starfssvæðið er að mestu lagt bundnu slitlagi og umferð er stýrt með aðgangsstýringu til að tryggja skipulagða og örugga umgengni. Rykmyndun er takmörkuð með samspili nokkurra aðgerða, þar á meðal skjólveggja, vökvunarbúnaðar, reglulegrar hreinsunar flutningsleiða og hjólabúnaðar, auk yfirbyggingar á lykilbúnaði eins og skúffulyftum, sigtum, vogum og blöndunarbúnaði. Fallhæð við losun hráefna er haldið innan 2 metra. Endurnýjun pokasía hefur jafnframt stuðlað að minni rykmyndun milli ára.

Fyrir liggur gild neyðar- og viðbragðsáætlun sem nær til rykmengunar, eldsvoða, bilana og mögulegra leka á asfalti, biki, þunnbiki, viðlöðunarefnum og öðrum hættulegum efnum, þar á meðal geislavirkum efnum frá Troxler 4640 mæli. Samkvæmt rekstraraðila er mengunarhætta vegna biks talin lítil þar sem efnið er flutt í lokuðum gámum og harðnar ef leki á sér stað, sem takmarkar útbreiðslu og auðveldar hreinsun. Í viðbragðsáætlun er jafnframt fjallað um viðbrögð vegna rykmagns og losunar CO, CO<sub>2</sub>, NO<sub>x</sub> og SO<sub>2</sub>.

Mælingar, sem umreiknaðar eru að 17% súrefni, benda til frávika í útblæstri frá malbiksframleiðslunni, einkum vegna fjölhringja arómatískra kolvetna (PAH). Samkvæmt grænu bókhaldi árið 2024 mældist heildarryk 283 mg/Nm<sup>3</sup> og PAH 0,087 mg/Nm<sup>3</sup>, sem hvort tveggja fer yfir losunarmörk starfsleyfis, á meðan losun kolmónoxíðs og köfnunarefnis var innan marka. Sett eru frávík vegna annarsvegar ryklosunar og hins vegar styrk PAH efna ára 2024. Í útblástursmælingu Verkís 10. júní 2025 hafði rykmagn lækkað verulega og mældist 6 mg/Nm<sup>3</sup>, sem líklega má rekja til endurnýjunar pokasía samkvæmt rekstraraðila. Losun kolmónoxíðs og köfnunarefnis var áfram innan marka, en styrkur PAH mældist 0,212 mg/Nm<sup>3</sup>, sem jafngildir rúmlega hundraðfaldri heimilli losun samkvæmt starfsleyfi. Sett er frávík vegna styrks PAH efna árið 2025.

Samkvæmt grænu bókhaldi voru mælingar á olíu og svifögnum í frárennsli bæði árið 2024 og 2025 innan losunarmarka starfsleyfis; olía mældist <2 mg/L bæði ár (mörk 15 mg/L) og svifagnir 0,7 mg/L árið 2024 og 0,4 mg/L

árið 2025 (mörk 50 mg/L).

3. Innra eftirlit og umgengni

Rekstraraðili setur sér umhverfismarkmið sem endurskoðuð eru á fjögurra ára fresti og birt í grænu bókhaldi. Viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda er tiltæk á starfsstöðinni og rekstraraðili hefur í gildi tryggingu vegna bráðamengunar.

4. Kynning á meðfylgjandi gögnum

Í eftirlitinu fór fram kynning á fylgigögnum frá Umhverfis- og orkustofnun sem tengjast breyttu verklagi við boðun og framkvæmd eftirlits, auk leiðbeininga um olfuskiljur.

5. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Áhættumat fyrir árið 2025 til ákvörðunar tíðni eftirlits var yfirfarið í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

6. Skoðunarferð

Farið var í skoðunarferð um stöðina með rekstraraðila. Gengið var um vinnslusvæðið, rannsóknarstofur og verkstæði. Ekki var tilefni til athugasemda.

| Frávik frá            | Lýsing á fráviki                                                                                                                                                      |
|-----------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| gr. 3.6 í starfsleyfi | Styrkur PAH-gilda í útblæstri yfir starfsleyfismörkum 2024. Mældur styrkur 2024 var 0,087 mg/Nm <sup>3</sup> . Losunarmörk fyrir PAH eru 0.002 mg/Nm <sup>3</sup>     |
| gr. 3.6 í starfsleyfi | Styrkur PAH-gilda í útblæstri yfir starfsleyfismörkum 2025. Mældur styrkur 2025 var 0.212 mg/Nm <sup>3</sup> . Losunarmörk fyrir PAH eru 0.002 mg/Nm <sup>3</sup>     |
| gr. 3.6 í starfsleyfi | Styrkur heildarryks í útblæstri yfir starfsleyfismörkum 2024. Mældur styrkur 2024 var 283 mg/Nm <sup>3</sup> . Losunarmörk fyrir heildarryk eru 50 mg/Nm <sup>3</sup> |

Reykjavík, 23.12.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Kjartan Guðmundsson